# Lyngás

## Breyting á deiliskipulagi íbúðarbyggðar

Rangárþing ytra




Breyttur deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1:1.000.

SKÝRINGAR

- Lóðir
- Byggingarreitir
- Hús núverandi
- Hreinsivirki
- Bílastæði til skýringar
- Vegir
- Reiðleið
- Kvöð um hljóðmanir/veggi/gróður
- Lækjartúnslína 2
- Hitaveita
- Ljósleiðari
- Opið óbyggt svæði
- Skipulagssvæði




Skýringaruppdráttur mkv, 1:1.000.

SKÝRINGAR

- Íbúðarlóðir
- Byggingarreitir
- Hús núverandi
- Hús áætluð
- Hreinsivirki
- Vegir
- Reiðleið
- Hljóðmanir og veggir
- Nýr gróður
- Rafstrengur og helgunarsvæði
- Skipulagssvæði




AÐALSKIPULAG RANGÁRÞINGS YTRA 2016-2028

**GREINARGERÐ**

### 1. INNGANGUR

Fyrirhugað er að breyta deiliskipulagi fyrir íbúðarlóðir við Lyngás í Rangárþing ytra, sem er sunnan Suðurlandsvegar við Hellu. Gildandi deiliskipulag er dagsett 25 mars 2010. Gert er ráð fyrir tveimur nýjum lóðum á opnu óbyggðu svæði, vegtengingu og kvöð um bætta hljóðvist næst Suðurlangsvegi. Einnig er sett inn lóð fyrir spennistöð, Selfosslína 2 felld út og Lækjartúnslína 2 sett inn. Í Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 er svæðið skilgreint sem íbúðarbyggð, Í2 og þar eru nokkur íbúðahús beggja vegna Suðurlandsvegar. Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir fjölbreyttu úrvali lóða, samhliða því að nýta sem best núverandi veitu- og vegakerfi.

### 2. SKIPULAGSGÖGN

A. Breyttur deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1:1.000 sem sýnir lóðamörk og aðkomu.
B. Gildandi deiliskipulagsuppdráttur, minnkaður í 1:2.000.
C. Skýringaruppdráttur í mælikvarða 1:1.000 sem sýnir afstöðu til annarra lóða, hugmyndir um staðsetningu nýrra húsa hljóðmana og hljóðvistarveggja.
D. Hluti úr aðalskipulagi Rangárþings ytra.

### 3. GILDANDI DEILISKIPULAG

Núverandi deiliskipulag nær til um 5 ha svæðis á Lyngási. Deiliskipulagið tekur til 9 íbúðarlóða og einnar lóðar fyrir útihús og skemmu. Á fjórum lóðum hafa verið byggð íbúðarhús og á einni þeirra (lóð 12) er útihús. Aðkoma að svæðinu er af Suðurlandsvegi um Bugaveg (273) og aðkomuveg að lóðunum.

### 4. BREYTINGAR FRÁ GILDANDI DEILISKIPULAGI

Deiliskipulagsbreytingin tekur til tveggja nýrra lóða nr. 13 og 14, vegtengingar og hljóðmana / hljóðvistarveggja. Nýjar lóðir eru á svæði sem var opið svæði í gildandi deiliskipulagi en er íbúðarbyggð skv. aðalskipulagi. Lóð 9 er minnkuð og bætt við lóð 9a sem er 23,3 m², á henni er heimilt að byggja spennistöð. Selfosslína 2 er felld út ásamt helgunarsvæði og Lækjartúnslína 2 sett inn meðfram Suðurlandsvegi. Stærð svæðis sem breytingin nær til er um 2,8 ha og í stað 9 íbúðarlóða verða þær 11.

**Lóðir og bílastæði**

Á lóðum 13 og 14 er heimilt að byggja allt að 200 m² íbúðarhús með innbyggðum eða sérstæðum bílskúr á hvorri lóð. Bílastæði verða innan hverrar lóðar.

**Kvaðir, vegir og helgunarsvæði**

Skv. vegalögum nr. 80/2007 skal ekki staðsetja mannvirki nær stofnvegi en 30 m frá miðlínu og 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega, nema með samþykki veghaldara. Skv. skipulagslögum nr.123/2010 skal ekki staðsetja íbúðar- eða frístundahús nær stofn- og tengivegum en 100 m og ekki nær öðrum þjóðvegum en 50 m. Fyrir liggur heimild til undanþágu vegna þessara lóða sbr. bréf Umhverfis- og auðlindaráðuneytis dags. 7. des. 2015.
Kvöð er um hljóðmanir / hljóðvistarveggi til að draga úr ónæði frá Suðulandsvegi sbr. reglugerð nr. 724/2008 og ÍST 45 staðli og er möguleg útfærsla sýnd á skýringarmynd. Hönnun og endanleg útfærsla verður í samráði við Vegagerðina. Lækjartúnslína 2 liggur meðfram Suðurlandsvegi en utan lóðamarka. Vegna framkvæmda á lóðamörkum skal eftir atvikum hafa samráð við Landsnet.

Að öðru leyti gilda skilmálar eldra deiliskipulags sem dagsett er 25. mars 2010.

### 5. UMHVERFISÁHRIF

Neikvæð áhrif verða einkum vegna hljóðs frá umferð á nýjum lóðum. Til að draga úr henni eru settir skilmálar um hljóðmanir/hljóðvistarveggi. Sveitarfélagið metur að með þessum aðgerðum verði hljóðstig innan marka skv. reglugerð.

### 6. BREYTINGAR EFTIR AUGLÝSINGU

Selfosslína 2 og helgunarsvæði er fellt út, Lækjartúnslína 2 er sett inn. Afmörkuð lóð 9a fyrir spennistöð og lóð 9 minnkuð samsvarandi. Skipulagsmörkum breytt svo þau nái yfir svæði breytingarinnar. Lóð 13 er minnkuð lítillega og stækkar lóð 14 samsvarandi. Byggingarreit á lóð 14 breytt svo hann sé í 50 m fjarlægð frá Bugavegi. Byggingarreitir lóða 7, 9 og 10 stækkaðir yfir það sem var helgunarsvæði Selfosslínu.




Gildandi deiliskipulag, dags. 25.03.2010. Minnkað í mkv. 1:2.000.

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings ytra þann ____________________

f.h. Rangárþings ytra

____________________________________________

EFLA

Lyngás
Rangárþing ytra
Breyting á deiliskipulagi íbúðarbyggðar

| VERK: | BLAÐSTÆRÐ: | UNNIÐ: | RÝNT: |
| --- | --- | --- | --- |
| 110857 | A1 | IS | ÁJ |
| MÆLIKVARÐI: | DAGS: | DAGS.BREYT: | |
| 1:1000 | 28.10.2024 | 20.05.2025 | |
| SAMÞYKKT: | | | |